

Kæru foreldrar/forráðamenn nemenda í 5.-7. bekk

Þá höldum við áfram í næstu óvissuferð. Við höfum í dag endurskipulagt skólasterfið eins og kostur er og er markmiðið að þetta skipulag verði fram að helgi. Kannski þurfum við að breyta einhverju í ferlinu en við munum láta ykkur vita af því. Við erum búin að skipta öllum skólanum í hólf/svæði og höfum eins lítil samskipti á milli svæða og við mögulega getum. Við getum vissulega nýtt okkur reynsluna frá því í vor þar sem við erum á svipuðum stað núna og við vorum í mars.

Nú munum við opna skólann kl. 8.00. Matur í hádeginu verður einungis fyrir nemendur í 1.-4. bekk. Þið verðið að skoða vel hvaða inngang nemendur nota og hvenær á að mæta í skólann, við þurfum aðeins að hafa það á mismunandi tímum.

Mjög mikilvægt er að þið ræðið skipulagið vel og vandlega við börnin, við treystum ykkur til að gera það þannig að allir verði tilbúnir í það verkefni sem við stöndum frammi fyrir. Það er nauðsynlegt að nemendur virði þessar reglur sem við núna vinnum eftir. Það er nauðsynlegt að koma vel klæddur í skólann því við reiknum með útiveru alla daga.

Við ætlum að halda áfram með mjólkuráskriftina og ávaxtaáskriftina en hafragrautur verður ekki í boði. Kleinuhringirnir sem búið var að panta fyrir morgundaginn verða á bíða betri tíma s.s. þeir verða ekki á morgun en það má vissulega koma í hrekkjavökubúingum í skólann enda mikið búið að bíða eftir því. Þeir sem pöntuðu kleinuhringi eiga þá inni og við afgreiðum þá þegar tækifæri gefst.

Hjá nemendum í 5.-7. gildir tveggja metra nálægðartakmörkun og ef víkja þarf frá henni ber nemendum að nota grímur. Við óskum eftir því að nemendur í þessum árgöngum komi með grímur í skólann á morgun. Við erum líka með grímur í skólanum. Skóladagur nemenda í þessum árgöngum er frá 8.10-12.00 í 5.-6. bekk en frá 8.20-12.00 í 7. bekk.

ATH! Á morgun mætir 5. bekkur í skólann kl. 9.00 þar sem við þurfum að taka á móti unglíngunum í upphafi dags. Við erum búin að færa 5. bekk á A-gang þar sem 8.-10. bekkur er vanur að vera og verðum við að gefa þeim nemendum svigrúm til að sækja dótið sitt í fyrramálið en þessi nemendur munu vera í fjarnámi a.m.k. þessa vikuna. 5. bekkur mætir síðan á fimmtudag og föstudag kl. 8.10. í forstofuna á A-gangi og verður á þeim gangi.

6. bekkur mætir í forstofuna á B-gangi kl. 8.10 og verður í sínum stofum.

7. bekkur mætir í forstofuna við íþróttahúsið kl. 8.20 og verður í sínum stofum.